



Akureyrarbær

Erindisbréf stjórnar Hlíðarfjalls

Um stjórn Hlíðarfjalls, sem er B-hluta fyrirtæki í eigu Akureyrarbæjar, gildir svofellt erindisbréf:

1. Stjórnskipuleg staða stjórnar Hlíðarfjalls

Hlíðarfjall heyrir undir samfélagssvið en stjórn heyrir undir bæjarráð.

Sviðsstjóri samfélagssviðs, sem er yfirmaður forstöðumanns Hlíðarfjalls, starfar með stjórn Hlíðarfjalls.

2. Skipan stjórnar Hlíðarfjalls

Í stjórn eiga sæti þrjú fulltrúar, skipaðir af bæjarstjórn og einn til vara. Skipun þeirra gildir á kjörtímabilinu.

Fulltrúar í stjórn skulu vera bæjarfulltrúar eða varabæjarfulltrúar og a.m.k. formaður skal einnig eiga sæti í bæjarráði.

Sviðsstjóri samfélagssviðs ritar fundargerðir og heldur gögnum stjórnar til haga.

3. Hlutverk stjórnar Hlíðarfjalls

Hlutverk stjórnar Hlíðarfjalls er að:

- móta stefnu fyrir starfsemi Hlíðarfjalls,
- vera forstöðumanni Hlíðarfjalls til stuðnings við fjármálastjórnun og rekstur Hlíðarfjalls,
- hafa eftirlit með gerð og eftirfylgni rekstrar- og fjárhagsáætlana auk kostnaðareftirlits Hlíðarfjalls,
- hafa almennt eftirlit með fjármálalegum ákvörðunum forstöðumanns Hlíðarfjalls,
- meta veitta þjónustu m.t.t. fjármagns sem er til ráðstöfunar og
- gera tillögur um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir Hlíðarfjall.

4. Störf stjórnar Hlíðarfjalls og skýrslugjöf

Stjórn Hlíðarfjalls fundar að jafnaði mánaðarlega.

Seta í stjórn er launuð samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um launakjör bæjarfulltrúa og nefndarmanna, - miðað við launakjör fyrir setu í öðrum nefndum.

Í því skyni að hafa eftirlit með fjármálum Hlíðarfjalls og störfum stjórnar kallar bæjarráð reglulega, a.m.k. ársfjórðunglega, eftir fjárhagsstöðu Hlíðarfjalls og yfirliti yfir störf stjórnar.

Um ritun fundargerða gilda reglur Akureyrarbæjar um ritun fundargerða. Að öðru leyti gildir Samþykkt um stjórn og fundarskög Akureyrarbæjar nr. 751/2019, s.s. um boðun varamanns og hæfi stjórnarmanna.

Samþykkt í bæjarstjórn 4. febrúar 2020